

# Íslenskur iðnaður

SI Fréttablað Samtaka iðnaðarins

02. tbl. • 11. árg. • Febrúar 2005

Útboðsþing 2005


## Verklegar framkvæmdir fyrir um 48 milljarða króna

Útboðsþing Samtaka iðnaðarins og félags Vinnuvélaeigenda var haldið á Grand Hóтели 28. janúar sl. og var fjölsótt. Þetta var 9. útboðsþingið sem SI standa fyrir. Þar var að venju gefið yfirlit yfir öll helstu útboð verklegra framkvæmda opinberra stofnana sem mest eru áberandi og með stærstu verkin á útboðsmarkaði.

Heildarfjárhæð útboða verklegra framkvæmda er nokkru lægri nú en í fyrra en þá nam hún 54 milljörðum króna. Gæta ber þess að þá voru nokkur stór útboð þar sem verklok verða ekki fyrr en í ár og jafnvel síðar. Fyrir tiltölulega fáum árum voru sveitarfélögin ekki þátttakendur í Útboðsþingi en síðan hafa Reykjavíkurborg og Kópavogsbær bæst í hópinn og í ár voru kynnt þau verk sem Hafnarfjarðarbær verður með á útboðsmarkaði. Auk þess

kynnti Landsnet, nýstofnað dótturfyrirtæki Landsvirkjunar, væntanlegar framkvæmdir á sínum vegum. Fundarstjóri, Sveinn Hannesson, framkvæmdastjóri SI, sagðist við setningu Útboðsþings 2005 fagna því að Hafnarfjarðarbær hefði bæst í hópinn og allt eins mætti búast við því að þeim sveitarfélögum fjölgaði sem tækju þátt í Útboðsþingi þegar forsvarsmenn þeirra gerðu sér grein fyrir mikilvægi þess fyrir sveitarfélögin. En nú þegar væri þessi kynning orðinn svo viðamikil og margir aðilar sem kæmu að henni að ekki gæfist ráðrúm, tímans vegna, að vera með aðra þætti á Útboðsþingi, s.s. námskeið vegna tilboðsgerðar. Tilgangurinn með Útboðsþingi væri að fá yfirlit yfir helstu útboð á árinu og þau verk sem ólokið er frá fyrri árum frá helstu verkkaupum á landinu í mannvirkjagerð.

framhald bls. 4 - 6



## IÐNÞING 2005

Minum á Iðnþing þann 18. mars.  
Sjá einnig frambjóðendur til stjórnarkjörs Samtaka iðnaðarins bls. 3 og dagskrá Iðnþings á baksíðu.

SI  
Samtök iðnaðarins

Óskað  
er eftir  
tilnefningum í  
Verðlaunasjóð  
iðnaðarins  
sjá nánar bls. 7

## Styrkur til náms í húsgagna- og innréttingagerð

Styrktarsjóður Félags húsgagna- og innréttingaframleiðenda auglýsir eftir styrkumsóknum. Tilgangur sjóðsins er að efla kunnáttu í framleiðslu húsgagna og innréttinga og styrkja einstaklinga til frekara náms í greininni. Styrkhæf eru námskeið í húsgagna- eða innréttingagerð eða nám í þessum greinum erlendis frá einni viku til allt að einni önn. Umsækjendur skulu vera starfandi í húsgagna- eða innréttingaframleiðslu. Umsóknarfrestur er til 1. mars nk. og skulu umsóknir sendar til SI / Félag húsgagna- og innréttingaframleiðenda, Borgartúni 35, 105 Reykjavík. Nánari upplýsingar er að finna á vefslóðinni [www.si.is/starfsgreinahopar/husgagnaidnadur/felag-husgagna-og-innrettingaframleidenda/](http://www.si.is/starfsgreinahopar/husgagnaidnadur/felag-husgagna-og-innrettingaframleidenda/)

# Eru ekki allir í stuði!

**Ekkert lát er á fréttum af landvinningum Íslendinga erlendis. Íslenskir viðskiptajöfrar kaupa erlend fyrirtæki í hverri viku. Erlendir fréttamenn og menn í viðskiptum spyrja í forundran hvaðan allir þessir peningar komi. Það er von að spurt sé því að íslenskir viðskiptajöfrar hafa til þessa verið fáséðir í útlöndum. Hér heima er unnið að stærstu virkjanaf framkvæmdum sögunnar. Bygging nýs álvers er hafin og stækkun annars. Atvinnuleysi er lítið og fer minnandi. Við fáum topp Einkunn í lánshæfismati erlendra matsfyrirtækja. Bankarnir eru nýbúnir að gefa út afkomutölur sem sýna tuga milljarða króna hagnað, meiri hagnað en dæmi eru til um áður hér á landi og þótt víðar væri leitað. Er nema von að öll þjóðin sé á því að nú sé veisla og rétt að taka þátt í gleðskapnum með myndarbrag?**

## Samkeppnisgreinum blæðir í róleghæimtum

Framkvæmdastjórnir og málsvarar fyrir tækja útflutnings- og samkeppnisgreinum sjást ekki mikið í fjölmiðlum um þessar mundir. Ekki er gert mikið úr því þó að fiskvinnsla á Hofsósi eða Stöðvarfirði leggst af. Í iðnaðinum eru hefðbundin framleiðslufyrirtæki að missa markaðshlutdeild á eigin heimamarkaði í samkeppni við innfluttan varning. Það þykir ekki frétt næmt þó að íslensk fyrirtæki missi af einni og einni sölu. Menn taka frekar eftir því ef fyrirtækin taka sig upp og flytja starfsemi sína að hluta eða jafnvel að mestu leyti úr landi eins og Plastprent, 66° Norður og Hampiðjan. En látum það ekki spilla góðu gamni. Þetta er auðvitað liður í útrásinni og hver er á móti útrás íslenskra fyrirtæka sem allt of lengi hafa liðið fyrir það að starfa á litlum og erfiðum heimamarkaði.

## Viðskiptahallinn ógnvænlegur og krónan riðar til falls

Þá virðast fáir hafa af því teljandi áhyggjur þó að viðskiptahallinn aukist úr rúmum 7% af landsframleiðslu á nýliðnu ári í 10 - 13% halla árin 2005-2006. Flestir hagfræðingar segja þó að slíkur viðskiptahalli fái ekki staðist og gengisfall krónunnar sé óumflýjanlegt. Ekki sé spurning hvort

það gerist heldur hvenær. Enn sér ekki fyrir endann á þeirri hækkun krónunnar sem hófst árið 2002. Flestir eru þó sammála um að gengi íslensku krónunnar sé langt frá því að vera í jafnvægi.

Innstreymi fjármagns er ekki nema að hluta vegna stóridjuframkvæmda enda byrjaði krónan að styrkjast löngu áður en þær framkvæmdir komust á hönnunarsstig. Það sem skýrir þessa hækkun eru miklar væntingar þjóðarinnar og viðbrögð Seðlabanka Íslands sem enn á ný hækka skammtímavexti og nú enn meira og hraðar og í stærri stökkum en áður hefur gerst.

## Hátt gengi ryður iðnaði og fiskvinnslu úr landi

Samkvæmt lögmálum hagfræðinnar ættu svo gífurlegar vaxtahækkunarir að hafa þau áhrif að draga úr neyslu og kæla niður hagkerfið. Það gerist ekki hér því að flóðgáttir erlendra lántöku eru opnar og þar við bætist að vextir af húsnæðislánum hafa á sama tíma lækkað stórlega. Hvað gerir íslenska eyðsluklónin við þessar aðstæður? Hún kaupir stærra hús með 80% eða 100% húsnæðisláni og borgar upp Visa skuldirnar og yfirdráttinn í leiðinni og kemur út með afgang til að kaupa bíl og þvottavél. Einu merkjanlegu áhrifin af vaxtahækkunum Seðlabankans að undanförmu eru þau að gengi íslensku krónunnar hækka enn og iðnaði og fiskvinnslu er ýtt úr landi. Ferðamenn fara annað í sumarleyfinu og viðskiptahallinn eykst.

## Ekkert við þessu að gera?

Viðskiptahallinn er besti mælikvarðinn á eyðslugleðina. Timburmennirnir verða mældir í atvinnuleysi. Það er nefnilega alls ekki víst að þeir, sem nú taka þátt í Hrunadansinum af mestum krafti, hafi ennþá vinnu þegar kemur að skuldadögum í niðursveiflunni.

Allt er þetta vel þekkt en er nokkuð við þessu að gera? Er þetta ekki bara sá fórnarkostnaður sem þjóðin verður að greiða fyrir þann ávinning að hafa laða til sín erlend stóriðjufyrirtæki? Vissu ekki allir að



búast mætti við háu gengi krónunnar og háum vöxtum meðan þessar framkvæmdir stæðu yfir? Það er rétt að við, sem lengi höfum búið við óstöðuga og sveiflukennda krónu, þjuggumst við að þrengja myndi að samkeppnisgreinum á pensluskeiði sem reiknað var með að yrði í hámarki á árunum 2005-2006. Miklar væntingar urðu hins vegar til þess að gengi krónunnar fór strax að hækka á árinu 2002 og enn sér ekki fyrir endann á þeirri þróun.

## Gengissveiflunar drepa

Flestir kjarasamningar eru til fjögurra ára og fela í sér kostnaðarhækkunarir á bilinu 16-18%. Það er helmingi meiri hækkun en almennt gerist í nágretta- og samkeppnislöndum okkar. Skýringin er auðvitað sú að allir vita að hér má vænta meiri sveiflna í verðlagi og gengi en í nágretta löndunum. Við þurfum að hækka meira af því að við greiðum í óstöðugum gjaldmiðli. Einungis frá miðjum febrúar 2004 til sama tíma í ár hefur gengisvísitala íslensku krónunnar hækkað um rúm 7%. Sú breyting hefur meiri neikvæð áhrif á afkomu dæmigerðs iðnfyrirtækis í samkeppnisiðnaði heldur en allar umsamdar launahækkunarir nýgerðra kjarasamninga. Hörður Arnarson, forstjóri Marels, hefur sýnt fram á þetta með ágætum dæmum. Niðurstaða hans er sú að 5% gengishækkun krónunnar jafngildi nærri 16% launahækkun og 15% gengishækkun samsvari 47% launahækkun.

## Tökum upp evru

Sem betur fer virðist stór hópur hagfræðinga og stjórnmálamanna vera farinn að átta sig á því að íslensk fyrirtæki geta ekki unað við þessar sveiflur í gengi gjaldmiðils okkar. Almennt er viðurkennt að sameiginleg mynt gerir allt í senn að draga úr gengissveiflum, auka og auðvelda viðskipti og minnka kostnað. Við getum ekki við það unað að ný erlend fjárfesting kosti það að því, sem fyrir er, sé rutt úr landi í stórum stíl. Lausn vandans er þekkt. Tökum upp evruna, sameiginlega mynt Evrópuríkja.

Sveinn Hannesson

# IÐNÞING 2005

## í framboði til stjórnar SI



*Í kjöri til formanns SI*  
**Vilmundur Jónsson**  
f. 24. ágúst 1949  
framkvæmdastjóri  
Gæðafæðis ehf.  
Bíldshöfða 14,  
Reykjavík



**Aðalheiður Héðinsdóttir**  
f. 23. apríl 1958  
framkvæmdastjóri  
Kaffitárs ehf.  
Stapabraut 7,  
Njarðvík



**Elías Pétursson**  
f. 13. júní 1965  
framkvæmdastjóri  
E.P. vélaleigu ehf.  
Stórateigi 18,  
Mosfellsbæ



**Guðlaugur Adólfsson**  
f. 30. mars 1960  
framkvæmdastjóri  
Fagtaks ehf.  
Móbergi 10,  
Hafnarfirði



**Guðmundur Tulinius**  
f. 19. ágúst 1943  
framkvæmdastjóri  
Slippstöðvarinnar ehf.  
Hjalteyrarbraut 20,  
Akureyri



**Helgi Jóhannesson**  
f. 27. ágúst 1956  
framkvæmdastjóri  
Norðurmjólkur ehf.  
Súluvegi 1,  
Akureyri



**Hörður Arnarson**  
f. 24. nóvember 1962  
forstjóri Marels hf.  
Austurhrauni 9,  
Garðabæ



**Hörður Þóhallsson**  
f. 27. apríl 1967  
framkvæmdastjóri  
Actavis hf.  
Reykjavíkurvegi 76-78,  
Hafnarfirði



**Jakob K. Kristjánsson**  
f. 02. febrúar 1952  
framkvæmdastjóri  
Prokaría ehf.  
Gylfaflöt 5,  
Reykjavík



**Loftur Árnason**  
f. 1. nóvember 1941  
framkvæmdastjóri  
Ístaks hf.  
Engjateigi 7,  
Reykjavík



**Sigurður Bragi Guðmundsson**  
f. 3. febrúar 1958  
framkvæmdastjóri  
Plastprents hf. Fosshálsi  
17-25, Reykjavík



**Sveinbjörn Hjálmarsson**  
f. 8. júní 1950  
framkvæmdastjóri  
Umslags ehf.  
Lágmúla 5,  
Reykjavík

## Útboðsþing 2005

# Verklegar framkvæmdir fyrir liðlega 48 milljarða króna

Útboðsþing Samtaka iðnaðarins og félags Vinnuvælaeigenda var haldið á Grand Hótelu 28. janúar sl. og var fjölsótt. Þar var að venju gefið yfirlit yfir öll helstu útboð verklegra framkvæmda á vegum opinberra stofnanna sem mest eru áberandi og eru með stærstu verkin á útboðsmarkaði. Fyrir tiltölulega fáum árum tóku sveitarfélögin ekki þátt í Út-

boðsþingi en síðan hafa Reykjavíkurborg og Kópavogsbær bæst í hópinn og í ár voru kynnt þau verk sem Hafnarfjarðarbær verður með á útboðsmarkaði auk þess sem Landsnet, nýstofnað dótturfyrirtæki Landsvirkjunar, kynnti væntanlegar framkvæmdir á vegum fyrirtækisins.



Fundarstjóri:  
Sveinn Hannesson  
framkvæmdastjóri SI



Verkefnastaða verktaka er almennt mjög góð en kann þó hugsanlega vera að breytast nokkuð eins og sjá má á mikilli þátttöku í nýlegu útboði Vegagerðarinnar á Suðurstrandarvegi frá Hrauni að Ísólsskála. Þá buðu 20 fyrirtæki af öllu landinu og eitt frá Færeyjum í 5,65 km vegarkafla, meira að segja frá

Austurlandi þar sem talið hefur verið að verktakar væru mjög ásetnir. Tilboð voru ótrúlega lág eða 56% af áætlun sem nam 114 milljónum króna. Þetta gæti bent til þess að ekki væri of mikið að gera hjá þeim verktökum sem sérhæfa sig í vegagerð þó að yfir sé að ganga eitt mesta framkvæmdaskeið Íslandssögunnar. Framkvæmdir hafa verið mestar á Austurlandi en eru að færast nokkuð á suðvesturhorn landsins vegna fyrirhugaðra framkvæmda við stækkun álvera Alcan í Straumsvík og Norðuráls í Hvalfirði auk virkjanaf framkvæmda OR á Helliheiði.



Reykjavíkurborg:  
Hrólfur Jónsson  
sviðsali framkv.sviðs



Reykjavíkurborg  
Hrólfur Jónsson, sviðsali framkv.sviðs  
Reykjavíkurborg  
en þar bæri hæst byggingu Ingunnarskóla í Grafarholti en þar á að framkvæma fyrir um 400 milljónir króna. Heildarstærð

skólans nemur um 5.700 m<sup>2</sup> og verður húsnæðið tekið í notkun í ágúst. Til viðhalds fasteigna á að verja 920 milljónum króna sem er 9% aukning milli ára. Gatnamálastofa Reykjavíkurborgar hyggst verja tæplega tveimur milljörðum króna til gatna og gönguleiða auk úrbóta í umferðaröryggismálum. Færsla Hringbrautar, sem er samstarfsverkefni Reykjavíkur og Vegagerðarinnar, kostar um 1,5 milljarða króna en hlutur Reykjavíkurborgar er um 430 milljónir króna eða 27% heildarkostnaðar. Til fráveituf framkvæmda verður varið 740 milljónum króna en með rekstri og viðhaldi nær 1,2 milljörðum króna eða um 82% þeirrar fjárhæðar sem varið var til fráveituf framkvæmda árið 2004. Framkvæmdaáætlun Orkuveitu Reykjavíkur nemur 11,4 milljörðum króna en þær framkvæmdir voru kynntar sérstaklega á Útboðsþinginu.



Framkvæmdastjóri  
ríkisins: Óskar Valdimarsson  
forstjóri



2003. Óskar Valdimarsson, forstjóri Framkvæmdasýslu ríkisins, segir að um 75% af framkvæmdakostnaði stofnunarinnar sé vegna menntamálaráðuneytisins og heilbrigðis- og tryggingaráðuneytisins en minnst vegna forsætisráðuneytis og Alþingis eða 70 milljónir króna. Nær helmingur þess fjár er vegna endurbóta á þriðju

hæð Alþingishússins.

Áætlað er að verja 400 milljónum króna til viðbyggingar og íþróttahúss við Menntaskólann í Hamrahlíð og eru verklok áætluð árið 2007. Um 350 milljónir króna fara til viðbyggingar við Ármúlaskóla; 470 milljónir til viðbyggingar við Fjölbrautaskólann í Breiðholti; 60 milljónir króna til viðbyggingar við Casa Nova sem tilheyrir Menntaskólanum í Reykjavík; 420 milljónir króna til viðbyggingar við Flensborgarskólann í Hafnarfirði og 165 milljónir króna til að stækka kennsluálmum við Menntaskólann á Egilsstöðum.

Stærsta framkvæmd á vegum heilbrigðisráðuneytis er bygging hjúkrunarheimilis í Mörkinni í Reykjavík en kostnaðaráætlun nemur einum milljarði króna. Útboð er fyrirhugað fyrir lok þessa árs.

Óskar Valdimarsson segir að ekki sé reynt að bjóða mikið út á Austurlandi vegna þess að þar séu verktakar svo ásetnir. Það kunnir þó að breytast strax á næsta ári. Óskar segir að engar verðbætur séu greiddar á verk ef byggingartími er skemmri en tvö ár. Helstu verk, sem eru í undirbúningi, eru snjóflóðavarnir í Bolungarvík sem þó verði ekki byrjað á fyrr en sveitarfélagið hefur leyst ágreining um uppkaupt fasteignum á snjóflóðahættusvæði undir Traðarhyrnu, fangelsi á Hólmsheiði í Reykjavík, stjórnsýslubygging á Keflavíkurflugvelli, endurbætur eða viðbygging á þröngri lóð Blóðbankans við Barónsstíg, skipulagssamkeppni vegna Landsspítalans við Hringbraut. Þá er ætlunin að breyta og innrétta á aðra hæð Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri en sú hæð hefur verið í smíðum í allmörg ár. Það sé auðvitað mjög langur verktími en hið sama megi segi um ýmsar framkvæmdir við skólabyggingar um allt land.



Siglingastofnun:  
Sigurður Áss Grétarsson  
forst.m.hafnasviðs



### Siglingastofnun

Fjárveitingar til hafna á verðlagi fjárlaga 2005 nema liðlega einum milljarði króna en framkvæmdir, sem sumar hverjar hafa staðið nokkur misseri, eru áætlaðar að kosti alls að 2,6 milljörðum króna sem er um 300 milljóna króna hækkun milli ára. Sigurður Áss Grétarsson, forstöðumaður hafnasviðs Siglingastofnunar segir að nú sé unnið við 10 hafnir en langstærsta verkefnið sé þekja og lagnir á Eskifirði, um 2.200 m<sup>2</sup> og 380 metra stóriðjuhöfn við Mjóeyri. Lengsta stálþilið verður rekið niður við Básaskersbryggju í Vestmannaeyjahöfn en alls verður framkvæmt við 9 hafnir fyrir alls um 1100 milljónir króna. Endurbýggðar verða tré-bryggjur í Rifshöfn og Seyðisfjarðarhöfn fyrir 70 milljónir króna, í lagnir lýsingu og þekju eru áætlaðar 260 milljónir króna, dýpkun fyrir rúmar 500 milljónir króna, grjótgarðar fyrir um 200 milljónir króna. Í hafnargarðinn í Grímsey verða fluttir um 300 steinar fyrir 13 milljónir króna eða sem nemur 45 þúsund krónum á hvern stein!

Unnið er að rannsóknnum á berginu í Þorlákshafnarhöfn framan við Svartaskersbryggju svo að hægt sé að ráðast þar í framkvæmdir.



Landsvirkjun:  
Björn Stefánsson  
deildarstj. virkjanadeildar



### Landsvirkjun

Björn Stefánsson, deildarstjóri virkjanadeildar Landsvirkjunar, skýrði mjög skilmerkilega frá framkvæmdum við Kárahnjúkavirkjun og hvernig raforkuferfið verður þegar virkjunin tekur til starfa árið 2007. Verksamningar um byggingavinnu eru nú við Impregilo vegna Kárahnjúkastíflu og aðrennslisgöng, við Suðurverk vegna Sauðárdalsstíflu og Desjarástíflu, við Fosskraft vegna stöðvarhúss og Arnarfell vegna Ufsarveitu. Kostnaðaráætlun vegna útboðsverka árið 2005 nemur um 5 milljörðum króna en á síðasta ári voru boðnar út framkvæmdir fyrir um 20 milljarða króna. Fjárfesting Landsvirkjunar í nýframkvæmdum frá árinu 2003 til ársloka 2008 nemur alls liðlega 90 milljörðum kr.



Í september sl. voru alls 1.400 manns að vinnu við Kárahnjúka, 1.080 útlendingar og 320 Íslendingar. Flestir starfa hjá Impregilo, eða liðlega 1.100 manns en aðeins 119 Íslendingar. Íslendingar eru mun fleiri hjá öðrum verktökum. Í janúar voru opnuð tilboð í hlaðhús fyrir Kárahnjúkavirkjun, skv. útboðsgögnum í nóvember 2004. Lægsta tilboðið nam tæplega 350 milljónum króna sem er 78% af kostnaðaráætlun en hún nam 500 milljónum króna.



Kópavogsbær:  
Gunnar I. Birgisson  
formaður bæjarráðs



### Kópavogsbær

Framkvæmdir Kópavogsbæjar á árinu 2005 nema um 3,2 milljörðum króna samkvæmt áætlun. Gunnar I. Birgisson, formaður bæjarráðs, segir að gatnakerfið taki langmest til sín af framkvæmdafé bæjarins, eða 1,2 milljarða króna en um 50% þeirrar fjárhæðar renna til gatnagerðar í Vatnsendahverfinu þar sem miklar byggingaframkvæmdir eiga sér stað. Framkvæmdir við skólahúsnæði nema tæplega 760 milljónum króna og eru þær stærstu við Vatnsendaskóla en í hann fara 220 milljónir króna og 194 milljónir til byggingar leikskóla við Vatnsenda. Til íþróttamannvirkja fara 420 milljónir fara en 65% þeirrar fjárhæðar fara til nýrrar íþróttamiðstöðvar í Salahverfi sem verður fullbúin á þessu ári. Til annarra eigna verður varið um 60 milljónum króna, 270 milljónum króna í fráveitur, 260 milljónum til vatnsveitu og um 250 milljónir króna fara í viðhaldskostnað. Gunnar segir að fyrirhuguð sé umtalsverð landfylling á haf-

narsvæðinu á Kársnesi og smám saman muni draga úr umsvifum atvinnufyrirtækja á svæðinu eftir því sem íbúum fjölgar þar. Útboð vegna byggingar Suðurbæjarhverfis við Vatnsenda hefjast á næsta ári.



Hafnarfjarðarbær:  
Lúðvík Geirsson  
bæjarráðgjafi



### Hafnarfjarðarbær

Lúðvík Geirsson, bæjarráðgjafi Hafnarfjarðarbæjar, segir að framkvæmt verði fyrir 2,7 milljarða króna á árinu 2005 og það verði það nánast allt boðið út. Vesturgata verður endurgerð en flatarmál malbiks er um 6.600 m<sup>2</sup> og lengd götu 600 metrar. Nýtt hringtorg verður gert á horni Arnarhrauns og Reykjavíkurvegur en vegna mikillar fjölgunar hringtorga í bænum sagði bæjarráðgjafi að ýmsir aðilar í Hafnarfirði væru farnir að kalla hann "Lord of the rings!"

Kirkjugarðurinn verður stækkaður og það verk verður boðið út í vor og unnið í sumar. Thorsplan í miðbænum verður endurgert og það verk verður einnig boðið út í vor og unnið í sumar. Verið er að vinna deiliskipulag vegna olíugeymasvæðisins við Hvaleyrarbraut og er fyrsta útboð fyrirhugað á komandi sumri. Til stendur að færa Kleifarvatnsveg og skipuleggja gatnagerð á þjónustu- og verslunarsvæðum við Selhraun.

Útboðsverk fráveitu nema 1,3 milljörðum króna en ýmsar framkvæmdir verða allt frá dælustöð við Herjólfsgötu og þrýstistöð við Norðurgarð allt að útrás frá hreinsistöð í Straumsvík sem

ein og sér kostar um 285 milljónir króna. Framkvæmdir hjá Vatnsveitu Hafnarfjarðar nema um 85 milljónum króna. Þar af verða nýframkvæmdir fyrir um 18 milljónir króna og endurbætur fyrir 64 milljónir króna. Fjárfestingar á þessu ári nema 1210 millj. króna, þar af 350 milljónir króna við Hval-eyrarskóla og 295 milljónir króna við skóla á Völlum. Stækkun álvers er í umræðunni en framkvæmdir gætu hafist 2007 til 2008. Inn í þá umræðu fléttast færsla á Reykjanesbraut við Straumsvík.



#### Landsnet

Þórir Guðmundsson, forstjóri Landsnets, segir að alls verði fjárhæð útboðsverka árið 2005 um fjórir milljarðar króna en alls sé fyrirhugað að vinna við flutningsvirki o.fl. fyrir Fjarðaál fyrir 9 milljarða króna á næstu árum, fyrir 6 milljarða króna vegna Norðuráls og fyrir tvo milljarða króna

Landsnet:  
Þórir Guðmundsson  
forstjóri



vegna annarra framkvæmda. Flutningsvirki vegna Fjarðaáls er m.a. tengivirki í Fljótsdal, breyting á Kröflulínu 2, vinna við Fljótsdalslínur 3 og 4 og við aðveitustöð á Hryggstekk en sú framkvæmd er fyrirhuguð á næsta ári. Flutningsvirki vegna stækkunar eru helst Sultartangalína 3, breyting á Brennimelslínu 1 og tengivirki á Sandafelli og við Kolviðarhól. Aðrar helstu framkvæmdir eru tengivirki Lagarfoss. Byggingamannvirki og búnaður verða boðin út á þessu ári en verklok eru á næsta ári.



#### Orkuveita Reykjavíkur

Inga Dóra Hrólfssdóttir, framkvæmdastjóri tæknisviðs OR, skýrði frá því að framkvæmdaáætlun Orkuveitu Reykjavíkur næmi 11,4 milljörðum króna en nam 7,5 milljörðum króna á síðasta ári.

Orkuveita Reykjavíkur:  
Inga Dóra Hrólfssdóttir  
framkv. stj. tæknisviðs



Framkvæmdir vegna dreifingar heits og kalds vatns og rafmagns nema tæplega 1.300 milljónum króna sem skiptast milli nýlagna, byggingaframkvæmda og endurnýjunar veitukerfa. Kostnaður við dreifingu gagnaveitu, eða ljósleiðarakerfis, nemur 500 milljónum króna en Inga Dóra segir

að þessi hluti veitunnar sé eðlilegur hluti lífsgæða en ljósleiðaraframkvæmdin taki 6 til 8 ár. Unnið verður á lághitasvæðum fyrir 306 millj. króna og 330 millj. króna fara til vatnsöflunar. Þrjátíu megawatta stækkun Nesjavallavirkjunar kostar hátt í tvo milljarða króna en Hellsheiðarvirkjun verður 90 megawött þegar hún tekur að framleiða orku en kostnaður við framkvæmdir og framleiðslu hennar nemur rösklega 6 milljörðum króna. Innifalið í því eru borun, gufuveita, fráveita, vatnsveita, kæliturnar, stjórnþúnaður og byggingar.



#### Vegagerð ríkisins

Útboð Vegagerðarinnar í ár nema ríflega 7 milljörðum króna en Rögnvaldur Gunnarsson, forstöðumaður framkvæmdadeildar Vegagerðarinnar, segir að verið sé að endurskoða vegaáætlun og því sé ekki ljóst hvaða fjármunum stofnunin hafi úr að spila. Hann telur þó að útboð verði ekki undir 7,2 milljörðum króna. Á síðasta ári hafi Vegagerðin fengið viðbótarfé að fjár-

Vegagerðin:  
Rögnvaldur Gunnarsson  
forstj. m. framkv. d.



hæð 1,6 milljarðar króna en ekki sé líklegt að slíkt fjárframlag berist í ár. Rögnvaldur telur að ef vegaáætlun breytist ekki í meðföllum Alþingis muni 2,6 milljarðar króna fara til þjónustu, 690 milljónir króna til almenningssamgangna, 2,6 milljarðar króna til viðhalds vega, 6,4 milljónir króna til stofnkostnaðar grunnnets og 1,7 milljónir króna til stofnkostnaðar utan stofn- nets en stærsti einstaki liðurinn þar er 540 milljónir króna til tengivega, rúmar 300 milljónir til safnvega og 296 milljónir króna til brúargerðar.

Meðal útboða á þessu ári má nefna Suðurstrandarveg frá Hrauni að Ísólfskála en tilboð hafa þegar verið opnuð, lagning hringvegjar frá Svínahrauni að Hveradalabrekku og mislæg gatnamót á vegamótum hringvegjar og þrengslavegar, Hallsvegur í Grafarvogi, tvöföldun Reykjanesbrautar frá Fífuhvamsvegi að Kaplakrika en það er þó háð samþykki bæjarstjórnar Garðabæjar. Meðal verkefna í vinnslu má nefna gerð nýrrar akbrautar milli Laugarnesvegjar og Dalbrautar og breytingu á hringvegi um Arnórstaðamúla upp úr Jökuldal, en framkvæmdir gætu hafist á næsta ári. Sá kafli er síðasti malarspottinn á hringveg- inum milli Akureyrar og Egilsstaða.

Geir A. Guðsteinsson

## Gæðastjórnunarkerfi vistuð á Netinu

**Það framtak Samtaka iðnaðar- ins síðastliðin sjö ár að bjóða félagsmönnum sínum aðgang að drögum að gæðakerfi hefur mælst vel fyrir. Nú þegar hafa hátt í 90 fyrirtæki nýtt sér þessa þjónustu með einum eða öðrum hætti. Sérniðin drög að gæðakerfum eru til fyrir hinar ýmsu starfsgreinar og félagasamtök innan Samtakanna. Gæðastjórnunarkerfi er því að verða sjálfsagt stuðningsverkfæri og hluti af daglegri tilveru margra stjórnenda.**



notkunin byggist eingöngu á því að notendur eigi og kunnir á word og excel.

Þau fyrirtæki, þar sem starfsmenn hafa náð tökum á notkun gæðakerfisins, eiga mjög auðvelt með að verða við kröfum verk- kaupa um að leggja fram kyn-

ningu á gæðatryggingu fyrirtækisins áður en skrifað er undir samning um verklegar framkvæmdir. Gæðakerfið hefur reynst byltingarkennt hjálpartæki fyrir marga til að halda utan um þau aukaverk og breytingar sem verða óneitanlega oft á verk- tímanum. Það hefur því skilað fyrirtækj- unum umtalsverðum fjármunum sem þau hefðu annars orðið af.

#### Gæðakerfið á Netinu

Nýjasta þróunin í notkun gæðakerfanna er sú að vista kerfi sérhvers fyrirtækis á Netinu og veita þeim starfsmönnum, sem


framhald á næstu síðu

## Verðlaunasjóður iðnaðarins

# Lýsir eftir ábendingum um verðlaunahafa árið 2005

**Stjórn Verðlaunasjóðs iðnaðarins hefur ákveðið leita eftir ábendingum frá félagsmönnum Samtaka iðnaðarins um verðlaunabega sjóðsins árið 2005 en verðlaunin verða veitt á Iðnþingi 18. mars. Þau eru alla jafnan veitt annað hvert ár þó að teknu tilliti til ávöxtunar sjóðsins. Árið 1999 voru verðlaunin veitt Helga Kristbjarnarsyni, lækni og framkvæmdastjóra Flögu hf. Árið 2001 hlaut verðlaunin Jón Þór Ólafsson, verkfræðingur hjá Marel fyrir framúrskarandi verkfræði og tæknistörf í þágu iðnaðar.**

Verðlaun sjóðsins eru, auk veglegrar fjárhæðar, sérstakur verðlaunagripur og verðlaunaskjal bæði innbundið og innrammað. Verðlaunagripurinn, sem heitir „Hjólíð“ - tákn mannsins fyrir uppgötvun, framfarir og virkni, er verðlaunahönnun Péturs Baldvínssonar úr samkeppni sem haldin var meðal nemenda í Handíða- og myndlistaskóla Íslands veturinn 1998. Gripurinn er líka táknrænn fyrir hjól atvinnulífsins, hreyfingu - andstöðu við kyrrstöðu. Þess vegna er ætlast til að hjólíð leiki frjálst á stalli sínum sem er grágrýtisingur sóttur í íslenska náttúru og unnin í Steinsmiðju S. Helgasonar. Hjólíð er



smíðað úr áli af hagleikssmiðnum Sigurði H. Hilmarssyni í Álverinu ehf.

Verðlaunasjóður iðnaðarins var stofnaður af Kristjáni Friðrikssyni í Últíma, eigin konu hans frú Oddnýju Ólafsdóttur og fjölskyldu árið 1976. Sjóðurinn starfar nú

samkvæmt nýrri stofnskrá frá árinu 1996 í samstarfi við Samtök iðnaðarins. Tilgangur sjóðsins er að örva til dáða á sviði iðnaðarmála og vekja jafnframt athygli á þeim afrekum sem unnin hafa verið og unnin verða á því sviði.

Stofnframlag sjóðsins er, af hálfu gefenda, helgað „minningu þeirra fjölmörgu hugvits- og hagleiksmanna sem fyrr og síðar hafa lifað og starfað á Íslandi en misjafnrar umbunar notið fyrir verk sín.“

Ekki er tekið við umsóknum um verðlaun úr sjóðnum en sjóðsstjórn getur auglýst eftir ábendingum eins og nú er gert.

Í samþykktum sjóðsins er eftirfarandi leiðbeining um val á verðlaunabega:

- Verðlaunin skal gjarnan veita fyrir uppfindingar sem líklegar teljast til að koma íslenskum iðnaði að gagni.
- Verðlaunin má einnig veita einstaklingum og fyrirtækjum fyrir happadrjúga forystu í uppbyggingu iðnaðar, hvort sem er til innanlands nota eða til sölu erlendis eða fyrir forystu á sviði iðnaðarmála almennt.
- Verðlaunin má veita fyrir sérlega vel gerða iðnaðarframleiðslu, t.d. sem fram kann að koma á iðnsýningum eða kaupstefnum.
- Verðlaunin má einnig veita fyrir hönnun sem þykir sérlega vel heppnuð að dómi sjóðsstjórnar.

## Gæðastjórnunarkerfi vistuð á Netinu

Framhald af fyrri síðu

hlut eiga að máli, aðgang að því með sérstöku notendanafni og viðeigandi kenniorði. Þau fyrirtæki, sem eru að hefja samstarf við SI um þessar mundir, fá fría vistun á vefsetri Samtakanna í tólf mánuði og sér verkefnisstjóri SI um uppfærslur eftir ósk og þörfum viðkomandi. Á þeim tíma loknum geta fyrirtækin flutt gæðakerfið á eigið heimasvæði, á eigin netþjón eða vistuð í tölvu þess starfsmanns sem á að hafa umsjón með kerfinu.

Að vista kerfið á Netinu auðveldar aðgengi þeirra sem þurfa að sækja þangað upplýsingar og gerir alla vinnu í uppbyggingarferlinu auðveldari. Með þessum hætti er geta þeir, sem hafa aðgang að net-tengdri tölvu og tilskilin aðgangsorð, farið

inn í gæðakerfið hvar sem þeir eru staddir.

### Aðstoð SI

Dæmi um verklagsreglur af ýmsu tagi er að finna í drögum gæðakerfisins og með aðstoð eða undir leiðsögn verkefnisstjóra SI endurskrifa starfsmenn sérhvers fyrirtækis þessar verklagsreglur og laga eyðublöð að eigin rekstri.

Að því loknu sér verkefnisstjóri SI um að vista skjölin á réttum stað á Netinu þannig að þau verða aðgengileg fyrir þá sem þangað sækja. Þau fyrirtæki, sem nú þegar eiga vísi að gæðakerfi og hafa áhuga á að vista það á eign vefsetri, geta leitað ráða og aðstoðar hjá undirrituðum.

Ferdinand Hansen

Framangreind upptalning er gerð til leiðbeiningar fyrir sjóðsstjórnina um það hvað fyrir stofnendum vakti með stofnun sjóðsins.

Stjórn sjóðsins vill með grein þessari hvetja félagsmenn Samtaka iðnaðarins til að koma með ábendingar um verðuga verðlaunahafa sem fallið geta vel að einu eða fleiri atriðum í framangreindum leiðbeiningum.

Ábendingum má koma á framfæri við Davíð Lúðvíksson hjá SI í síma 591 0100 eða á tölvupóstfangi david@si.is fyrir 25. febrúar nk.

Davíð Lúðvíksson

# Ráðstefna um „Þriðju stoðina“

**Samtök upplýsingatæknifyrirtækja í samvinnu við Samtök iðnaðarins og iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið héldu fjölsóttu ráðstefnu þriðjudaginn 25. janúar síðastliðinn á Nordica Hotel í Reykjavík. Yfirskrift ráðstefnunnar var: „Verður upplýsingatækni þriðja stoðin í verðmætasköpun og gjaldeyriskjómum Íslands árið 2010.“**

Halldór Ásgrímsson, forsætisráðherra, sem flutti inngangserindi á ráðstefnunni, sagði að upplýsingatækni snerti líf fólks í sífellt meira mæli og ætti sinn þátt í að auka hagsæld á ýmsum sviðum. Hann sagði að með sameiginlegu átaki gætu Íslendingar horft til þess að í framtíðinni yrði upplýsingatækni ein styrkasta stoðin í íslensku efnahagslífi.

Í erindi Ingvars Kristinssonar, formanns Samtaka upplýsingatæknifyrirtækja, kom fram að sjávarútvegur og stóriðjustefna hefðu stuðlað að hagvexti og bættum lífskjörum á liðnum áratugum en nú væri kominn tími til að virkja mannauð landsmanna og byggja upp öflugan hátækni-iðnað hér á landi sem forsendu fyrir bættum hagvexti og lífskjörum.

Ingvar benti á stefnu nágrannabjórða á þessu sviði, svo sem Íra sem hefðu lagt mikla áherslu á hátækni-iðnað með heimboði fyrirtækja og skattaávilnunum. Væri svo komið að hátækni-iðnaður væri um 50% í vægi útflutnings á Írlandi.

Aðrar Norðurlandabjórdir hafa líka lagt ríka áherslu á uppbyggingu í hátækni-iðnaði, s.s. Finnar og Svíar. Einnig mætti nefna Dani sem stefna að því að verða ein af helstu hátækniþjóðum í heimi eftir 10-20 ár. Norðmenn hyggjast á næstu 20 árum byggja upp hátækni-iðnað sem taka á við af olú-iðnaðinum.

Ingvar sagði að á sama tíma hefðu stjórnvöld á Íslandi lagt áherslu á almenn rekstrarskiptir allra atvinnugreina. Hann sagði nauðsynlegt að breyta stjórnskipulaginu hér á landi og taka mið af breyttu samfélagi. Hátækni-iðnaður væri forsenda fyrir bættum hagvexti og lífskjörum og nú væri lag til að tífalda útflutning á upplýsingatækni, í 40 milljarða króna, fram til ársins 2010. Í lok erindisins kom fram unnið væri að gerð tilboðs til stjórnvalda um „Þriðju stoðina“ og það yrði afhent á



Iðnþingi 18. mars næstkomandi.

Frans Clemmesen, sviðsstjóri í ráðuneyti vísinda og tækni í Danmörku, fjallaði um uppbyggingu og stefnu Dana í upplýsingatækni-iðnaði. Uppbygging á því sviði hefði orðið til þess að iðnaðurinn væri nú orðin

öflug útflutningsgrein í Danmörku. Hann nefndi sem dæmi að dönsk stjórnvöld væru óhrædd að stokka upp í ráðuneytum og miðla einstökum málefnum til þess að bregðast við breytingum í samfélaginu.

Fjörugar pallborðsumræður fóru fram að loknum flutningi erinda. Þátttakendur voru: Ásdís Halla Bragadóttir, bæjarstjóri í Garðabæ, Ásgeir Friðgeirsson, varaþingmaður, Bjarni Benediktsson, þingmaður, Gunnlaugur Sigmundsson, forstjóri Kögunar, og Ingólfur Bender, forstöðumaður greiningardeildar Íslandsbanka. Í pallborðsumræðum var leitað eftir viðhorfi þátttakenda til uppbyggingar atvinnulífs í framtíðinni.

*Guðmundur Ásmundsson*

## Upplýsingatækni er lykillinn að framtíðinni

### Setja þarf markið hátt

**Aðalfyrirlesari á ráðstefnunni Þriðja stoðin var Wilfried Grommen, framkvæmdastjóri stefnumótunar hjá Microsoft í Evrópu. Hann fjallaði um þau tækifæri sem Íslendingum standa til boða hvað varðar landvinninga á sviði upplýsingatækninnar. Hann sagði að Ísland væri mjög auðugt að hæfileikaríku og skapandi fólki og jarðvegurinn væri því mjög frjór fyrir kynslóð tækninýjunga sem myndu breyta lífi og starfsháttum fólks hvarvetna.**



Grommen sagði að Íslendingar hefðu þegar fært sér upplýsingatækni-rækilega í nyt og með því aukið mjög hagvöxtinn. Þeir hefðu því alla burði til að gera enn betur og nefndi nokkur atriði því til staðfestingar. Íslendingar væru meðal mestu tölvu- og netnotenda í heimi þar sem 85% þeirra hefðu aðgang að Netinu, 90 – 96% ættu farsíma og frumkvöðlaumhverfið væri gott. Auðvelt

væri að stofna fyrirtæki og þau greiddu eina lægstu skatta sem þekktust í heiminum. Yfir 80% skattgreiðenda skiluðu skattaskýrslu á tölvutæku formi og það væri mikið á heimsvísu. Auk þess væru 60-70% landsmanna nettengd við banka. Slíkt væri einstakt fyrir þjóð sem var í hópi þeirra fátækustu við lok síðari heimstyrjaldar. Hæfni Íslendinga til að þrífast í umhverfi alþjóðaviðskipta hefði skipað þeim á bekk með þeim þjóðum sem nytu besta lífskjara í víðri veröld. „Þið eruð rík, menntuð og tengd“ sagði Grommen. „Þá er spurningin: Hvernig er hægt að halda þeirri stöðu og vaxa enn frekar?“

### Stuðningur stjórnvalda mikilvægur

Grommen sagði að sumir héldu því fram að stjórnvöld ættu ekki að blanda sér í stefnumál iðnaðarins heldur ætti almenni markaðurinn að ráða hvernig auðnum væri ráðstafað og það yrði best gert án afskipta hins opinbera. Aðrir héldu því fram að stefna og hvatning stjórnvalda skipti mestu máli til að örva efnahagslífið. Hann sagðist fylgjandi því að ríkisvaldið skapaði atvinnu-



lífinu góð starfsskilyrði til að það gæti vaxið og dafnað. Hann hvatti Íslendinga til að verja orðspor sitt sem framverðir á há-tæknisviðinu og halda áfram að auka þjóðartekjurnar og bæta lífskjörin.

### Mikilvægt að setja sér skýr markmið

Grommen lagði áherslu á að velgengi upplýsingatækniiðnaðarins byggðist m.a. á langtímafjárfestingu í grunnkerfi, rannsóknnum og þróun. Koma þyrfti á öflugu samstarfi einkafyrirtækja og opinberra stofnana til að ná forskoti á keppinautana – í næstu bylgju tækniframfara. „Í því felst að íslensk fyrirtæki fá tækifæri til að hasla sér völl langt út fyrir landsteinana og möguleikar til að ná árangri eru næstum ótakmarkaðir. Allt byggist þetta á að setja sér markmið,“ sagði Grommen. Hann nefndi sem dæmi að fyrir 30 árum hefði Microsoft verið smáfyrirtæki sem enginn veitti sérstaka athygli en setti sér markmið sem var stærra en það sjálft og fólst í því að tölvuvæða sem flest heimili. Síðan hefði sú framtíðarsýn þróast og nú væri markmið fyrirtækisins að hjálpa fólki og fyrirtækjum að nýta þau tækifæri sem standa til boða. Árangur þeirrar sýnar Microsoft væri m.a. sá að æ fleiri heimili, fyrirtæki og opinberar stofnanir hefðu tölvuvæðst í ríkum mæli og notuðu hugbúnaðarkerfi úr smiðju Microsoft meira en frá nokkrum öðrum framleiðendum.

### Nauðsynlegt að virkja mannauðinn

Grommen varpaði fram þeirri spurningu hvað við Íslendingar gætum gert ef náttúrulegra auðlinda nyti ekki lengur við, s.s. fiskisins í sjónum og orkulinda. „Þið Íslendingar hafið haft burði til að bregðast hratt og vel við breytingum og laga ykkur að nýjum aðstæðum þegar þess hefur þurft með og notið virðingar annarra þjóða fyrir þá hæfileika.“ Hann telur að Íslendingum vegni áfram vel með því að skipuleggja og fjárfesta með tilstyrk mannauðsins. Þá framtíðarsýn verði að þróa núna og spyrja ögrandi spurninga svo að hægt sé að hefjast handa. Greina þurfi kosti sem galla og draga lærdóm af hvoru tveggja. „Slíkt krefst tíma, innblásturs og dugnaðar og hjá Microsoft telja menn að Íslendingar eigi mjög mikla möguleika á að takast á við slíkt verkefni,“ sagði Grommen.

### Geysileg vöxtur í UT greininni

Grommen sagði að rannsóknir hafi m.a. leitt í ljós að á næstu fjórum árum megi ætla að vöxtur UT greinarinnar í Evrópu

skapi tvær milljónir nýrra starfa og 50 milljarða dollara í nýjum skatttekjum. Um helmingur vinnuafsisins vinni þá við að skapa, dreifa eða veita þjónustu sem tengist hugbúnaði og meira en helming skatttekna megi þá rekja til hugbúnaðargeirans.

### Samstarf lykill að velgengi

„Aukinn aðgangur að fjármagni og sú áhersla, sem lögð hefur verið á rannsóknir, hafa skapað mikinn vöxt en þið verðið að gera miklu betur,“ sagði Gromman „og við hjá Microsoft erum reiðubúnir að vinna með ykkur; stjórnvöldum, iðnaðinum og rannsóknastofnunum til að við getum öll gert betur. Við hjá Microsoft höfum komist að því að okkur gengur betur þegar við eigum samstarf við aðra. Reynsla okkar er sú að samstarf er einn helsti lykillinn að velgengi og samkeppnishæfni í framtíðinni. Microsoft er meðeigandi í og á samstarf við hundruð þúsunda fyrirtækja í Evrópu sem skapa ný störf og efnahagsvöxt.“ Grommen nefndi að Microsoft ræki t.d. þróunarsetur í Danmörku, Þýskalandi, Bretlandi, Írlandi og að hér á landi ætti fyrirtækið farsælt samstarf við þrjú upplýsingatæknifyrirtæki, Landsteina Streng, GoPro og Maritech sem öll hefðu náð miklum árangri hvert á sínu sviði. Hann lagði einnig áherslu á að slíkt samstarf þyrfti að ná til opinbera geirans og að stjórnvöld hefðu miklu hlutverki að gegna í því að skapa rétt umhverfi fyrir fyrirtæki svo að þau geti vaxið og íslensk yfirvöld þurfi að vinna með UT-fyrirtækjum til að framtíðarsýn þeirra geti orðið að veruleika.

### Gromman hvatti m.a til þess:

- Að skapað verði UT-umhverfi sem styrkir rannsóknir og þróun
- Að hugað verði að öryggisatriðum og verndun upplýsinga í tengslum við notkun Netsins í samvinnu stjórnvalda og fyrirtækja
- Að hægt verði að nota ólík vinnsluferfi á víxl, t.d. Windows – Linus eða Unix
- Að nota megi jöfnum höndum öll stafræn tæki, s.s. sjónvarpstæki og tölvur, breiðband, staðlamál, einkaleyfismál og jafnvel tæki sem ekki hafa enn verið fundin upp
- Að skapa verði kerfi sem hvetur til rannsókna og verður kveikja að því að

fyrirtæki og hæfileikaríkt fólk og geti stuðlað að auknum hagvexti – sem sé forgangsverkefni á Íslandi

- Að nýsköpun verði launuð að verðleikum
- Að skapað verði íslenskt samfélag mannauðs sem þrífst í alþjóðlegri samkeppni með fjárfestingu í menntun til að örva unga námsmenn og vísindamenn til að snúa sér að rannsóknum og þróun á sviði upplýsingatækni.

Í lok erindis síns sagði Gromman hafa miklar væntingar um hæfni hugbúnaðar til að virkja upplýsingasamfélagið og teldi að íslenskt þjóðfélag væri eitt þeirra þjóðfélaga þar sem líklegast væri að það gæti gerst með djárfri framtíðarsýn og sameiginlegu átaki stjórnvalda, fyrirtækja og menntastofnana. „Framtíðarsýn Microsoft endurspeglar trú fyrirtækisins á þeim miklu, jákvæðu áhrifum sem upplýsingatæknin getur haft á þjóðfélagið í framtíðinni og þar skiptir samstarf við aðra afar miklu máli.“

*Þóra Kristín Jónsdóttir*



ÍSLENSKUR IÐNAÐUR  
2. tfl. Febrúar 2005  
ISSN 1022-7741

Fór í prentsmiðju: 16.02.2005  
Prentvinnsla: Prenttækni hf.  
Plaströkkun: Iðjuberg  
Ljósmyndir: Odd Stefán

Útgefandi: Samtök iðnaðarins  
Borgartúni 35, 105 Reykjavík  
Sími: 591 0100, fax: 591 0101  
Kennitala 511093-2019  
www.si.is, netfang: ritstjorn@si.is

Ábyrgðarmaður: Sveinn Hannesson  
Ritstjóri: Haraldur D. Nelson  
Efnisstjórn og umbrot: Þóra Ólafsdóttir  
Málfarsráðgjöf: Þóra Kristín Jónsdóttir

Fjölmiðlum er frjálst að nota ritað efni úr Íslenskum iðnaði í heild sinni eða að hluta. Fjölmiðlamenn eru vinsamlegast beðnir að geta heimildar í slíkum tilvikum.

# Stefna matvælaíðnaðarins gegn offitu



Mikil umræða hefur átt sér stað, undanfarna mánuði, um vaxandi vanda vegna offitu í heiminum. Íslendingar

**hafa ekki farið varhluta af þessari umræðu fremur en aðrar þjóðir. Einkum hafa menn áhyggjur af vaxandi tíðni ofþyngdar og offitu meðal barna og unglunga. Ógerningur er að benda á einfaldar lausnir á þessu vandamáli en flestir eru sammála um að allt þjóðfélagið þurfi að taka höndum saman ef árangur á að nást í að snúa þessari þróun við.**

Matvælaframléiðendur í Samtökum iðnaðarins vilja ekki láta sitt eftir liggja og hafa brugðist við með því að móta sér stefnu um hollustu matvæla og góð áhrif á lífshætti starfsmanna og viðskiptavina. Fulltrúar nokkurra framsýnna fyrirtækja í Samtökunum hittust og settu sér markmið sem þau vilja ná innan þriggja ára. Stefna fyrirtækjanna felur í sér að þau muni, við



þróun nýrra vara, taka mið af þörfum fólks í nútímaþjóðfélagi og hafa að leiðarljósi viðurkenndar ráðleggingar um næringu og hreyfingu. Mikil áhersla er lögð á að eiga gott og

uppbyggilegt samstarf við aðra, sem sinna þessum málaflokki, þ.á.m. yfirvöld á sviði lýðheilsu, skólamála, heilbrigðismála og íþróttar. Samtök iðnaðarins og fyrirtækin vilja með markvissum hætti vinna með þessum aðilum að öflugu fræðslu- og kynningarstarfi um mikilvægi hreyfingar og hófsemi og fjölbreytni í mat og drykk fyrir heilsu og vellíðan. Kynningarstarfinu skal beint að heimilum, skólum og vinnustöðum þannig að allt þjóðfélagið taki axli ábyrgð. Þannig vilja fyrirtækin á ábyrgan hátt leggja sitt af mörkum til að takast á við offituvandann.

Stefnan felur m.a. í sér að hafa þarfir og óskir viðskiptavina í fyrirrúmi, viðleitni til að laga sig að nýjum og breyttum viðhorfum í neyslu og hafa frumkvæði að nýjungum sem byggist á bestu rannsóknum og þekkingu. Leitast verður við að gefa neytendum eins góðar upplýsingar um innihald og framléiðslu vöru og frekast er unnt. Fyrirtæki í Samtökum iðnaðarins eru

andvíg og fordómum gagnvart einstökum fæðuteigundum og boðum og bönnum til að hafa áhrif á neyslu. Á hinn bóginn vilja þau leggja sig fram um að nægilegt úrval hollra vara, af fjölbreyttri samsetningu og í hæfilegum skömmtum, sé á boðstólum til að hver og einn geti fundið vörur við sitt hæfi. Þetta á bæði við um vörur fyrir almennan neytendamarkað og fyrir stóreldhús og mótuneyti. Fyrirtækin ætla að kappkosta að gefa þær upplýsingar sem neytandinn þarf til að geta valið. Valið verður alltaf að vera neytandans því að hann ber ábyrgð á lífi sínu og vellíðan.

Þróun í þá átt að auka úrval orkuminni matvöru er auðvitað löngu hafin í Íslenskum matvælaframtækjum. Til marks um það er mikið úrval vatnsdrykkja, sykur-



lausra og sykurminni drykkja og mjólkurvara, fituminna viðbits og álegs svo að nokkuð sé nefnt. Segja má að með hinni nýju stefnu vilji fyrirtækin leggja áherslu á markvissara starf og samstarf við annað fagfólk í baráttunni við offitu.

Ragnheiður Héðinsdóttir

## Enn fleiri bókatitlar en í fyrra

# Prentstaður íslenskra bóka

**Niðurstöður könnunar Bókasambands Íslands um prentstað íslenskra bóka, sem birtust í Bókatíðindum Félags íslenskra bókaútgefenda 2004, sýna m.a. rúma fimmtungs aukningu bókatitla frá því í fyrra. Heildarfjöldi þeirra er 651 í ár sem er tæplega 20,8% fleiri en í fyrra en þá voru gefnir út 539 titlar.**

Könnunin sýnir jafnframt að hlutfall prentunar innanlands hefur enn dregist saman milli ára um 3,4% þótt nú séu prentaðir fleiri titlar hér á landi en í fyrra. Þetta er nokkurt áhyggjuefni en þó ber að hafa í huga að metnaðarfyllstu verkin eru prentuð hér á landi eins og kemur fram í grein á vefsetri SI um prentun þeirra bóka sem tilnefndar eru til Íslensku bókmenntaverðlaunanna.

Í könnun Bókasambandsins var skoðað hvert er hlutfall prentunar innanlands og erlendis eftir flokkum. Eftirfarandi niðurstöður eru úr þeim samanburði:

- Barnabækur, íslenskar og þýddar, eru alls 194; 64 (33%) prentaðar á Íslandi og 130 (67%) erlendis.
- Skáldverk, íslensk og þýdd og ljóð, eru 118; 66 (55,9%) prentuð á Íslandi og 52 (44,1%) erlendis.

- Fræðibækur, bækur almenns efnis og listir eru alls 224; 171 (76,3%) eru prentaðar á Íslandi og 53 (23,7%) erlendis.
- Saga, ættfræði, ævisögur, handbækur, matur og drykkur eru alls 115; 78 (67,8%) prentaðar á Íslandi og 37 (32,2%) erlendis.


Eftirfarandi listi sýnir fjölda bóka prentaðra í hverju landi og hlutfall af heild.

Frekari upplýsingar veita, Þorgerður Sigurðardóttir, thorgerdur@penninn.is, formaður Bókasambands Íslands og Georg Páll Skúlason, Félagi bókagerðarmanna georg@fbm.is sími 552 8755.

Haraldur Dean Nelson

### Fjöldi titla

		%
Ísland	379	58,2
Danmörk	76	11,7
Kína	62	9,5
Slóvenía	35	5,4
Ítalía	18	2,8
Finnland	18	2,8
Svíþjóð	14	2,2
Önnur lönd	49	7,5
Samtals	651	100%



# Trúir þú á endurholdgun?

Margir óska þess að vera aðrir en þeir eru. Sumir vilja byrja nýtt líf með hreint borð og gleyma því sem liðið er.

Fyrirtæki verða stundum gjaldþrota, reksturinn gengur ekki upp og eigendur geta ekki eða vilja ekki leggja meira fé í fyrirtækið. Sé framkvæmdaviljinn ekki þrotinn reyna menn að vinna sig upp að nýju, ávinna sér traust og afla viðskipta. Við þetta er ekkert að athuga enda óhjákvæmilegur fylgifiskur nýsköpunar og endurnýjunar í atvinnulífinu.

Það færast í vöxt að um leið og fyrirtæki verður gjaldþrota verði til nýtt fyrirtæki alveg eins og það gamla með sömu eigendum, starfsmönnum, húsnæði, tækjum og tólum. Hið eina nýja er kennitalan sem veitir nýtt líf og frelsi frá innheimtu skulda, t.d. vegna launa, skatta og vörukaupa. Segja má að fyrirtækið endurholdgisti.

Lánastofnanir eiga oft veð í öllum birgðum, tækjum og kröfum fyrirtækja og aðrir kröfuhafar fá því ekkert upp í sínar kröfur við gjaldþrot. Í skjóli þeirra bregða sumir upp nýrri kennitölu og halda rekstri sínum áfram eins og ekkert hafi í skorist. Þessu má líkja við meðferð hjá endurholdgunarmeistara.

nasat

*Nú er mál að linni.*

**SI**

Samtök iðnaðarins

# IÐNÞING 2005

Dagskrá

**Stjórn Samtaka iðnaðarins  
boðar til Iðnþings 2005  
föstudaginn 18. mars.  
Þingið verður haldið í Versölum,  
samkomusal í Húsi iðnaðarins að  
Hallveigarstíg 1.**

10:00

**Afhending fundargagna**

10:10

**Hefðbundin aðalfundarstörf**

1. Skýrsla stjórnar fyrir liðið starfsár
2. Ársreikningar Samtaka iðnaðarins
3. Tillaga stjórnar að fjárhagsáætlun næsta árs
4. Lýst kjöri formanns og meðstjórnenda
5. Kjör í fulltrúaráð Samtaka atvinnulífsins
6. Kosning löggilts endurskoðanda
7. Kosning kjörstjóra og aðstoðarmanna hans
8. Önnur mál:
  - **Kynntar helstu niðurstöður kannana um ástand og horfur í iðnaði og fleira**
  - **Almennar umræður**

**Ályktun Iðnþings**

**Minum félagsmenn  
á árshóf Samtaka iðnaðarins**

sem verður í Versölum að kvöldi Iðnþings.  
Miðapantanir hjá Þóru Ólafsdóttur í síma 591 0100,  
netfang thora@si.is

12:00 **Opin dagskrá**

*Hádegisverður í boði Samtaka iðnaðarins*

**Afhending verðlauna úr Verðlaunasjóði iðnaðarins**



**Ræða formanns SI,**  
*Vilmundar Jónssonar*



**Ræða iðnaðarráðherra,**  
*Valgerðar Sværisdóttur*



**„Þriðja stoðin“ - Tilboð til stjórnvalda**

*Ingvar Kristinsson, form. Samtaka upplýsingatæknifyrirtækja*

14:10 **Hátækniíðnaður á Íslandi**

*Samtök iðnaðarins ásamt iðnaðar- og viðskipta-  
ráðuneytinu hafa látið vinna skýrslu um þróun, stöðu,  
framtíð og tækifæri hátækniíðnaðar á Íslandi og stöðu  
og stefnu hans á Norðurlöndum og Írlandi.*

**Frétt frá Iðnþingi 2011**

*Staða hátækniíðnaðar á Íslandi eftir sex ár*



**Úttekt á skýrslu um hátækniíðnað á Íslandi**

*Þóroldur Árnason, fyrrverandi borgarstjóri*

14:45 **Skilaboð frá**

**hátækniyrirtækjum**

*Hvað þarf til þess að hátækniíðnaður skili verulegu  
framlagi til aukins hagvaxtar og bættra lífskjara?*

*Stefán Jökull Sveinsson, framkv. Actavis Group*

*Jón Ágúst Þorsteinsson, form. Samt. sprotafyrirtækja*

*Hörður Arnarson, forstjóri Marels*

*Einar Mäntylä, í stjórn Samtaka íslenskra líftæknifyrirtækja*

*Hilmar B. Janusson, framkv.stj. þróunarsviðs Össurar*



16:15 **Iðnþingi slitið**

**SI**

Samtök iðnaðarins

**Sterkur bakhjarl íslensks iðnaðar í 10 ár**